

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 22. desember 1986

um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna  
varðandi neytendalán

(87/102/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
einkum 100. gr.,með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Mikill munur er á lögum aðildarríkjanna á sviði neytendalána.

Þessi lagamunur getur leitt til röskunar á samkeppni milli lánveitenda innan bandalagsins.

Munurinn takmarkar möguleika neytandans til að fá lán í öðrum aðildarríkjum. Hann hefur áhrif á umfang og eðli lána sem leitað er eftir og jafnframt á kaup á vörum og þjónustu.

Þar af leiðir að munur þessi hefur áhrif á frjáls vöruviðskipti og þjónustu sem neytendur geta fengið á lánskjörum og hefur þannig bein áhrif á starfsemi bandalagsins.

Með tilliti til sívaxandi lánveitinga til neytenda innan bandalagsins yrði sameiginlegur neytendalánamarkaður til hagsbóta jafnt fyrir neytendur, lánveitendur, framleiðendur, heildsala og smásala sem og þjónustuaðila.

Í áætlunum Efnahagsbandalags Evrópu um stefnumörkun að því er varðar neytendavernd og miðlun upplýsinga til neytenda <sup>(4)</sup> er meðal annars kveðið á um að vernda skuli neytendur gegn óréttmætum lánskjörum og að hafist skuli handa um samhæfingu á almennum skilyrðum um neytendalán og það mál skuli hafa forgang.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 80, 27. 3. 1979, bls. 4 og Stjttíð. EB nr. C 183, 10. 7. 1984, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 242, 12. 9. 1983, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. C 113, 7. 5. 1980, bls. 22.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. C 92, 25. 4. 1975, bls. 1 og Stjttíð. EB nr. C 133, 3. 6. 1981, bls. 1.

Munur á lögum og viðteknum venjum leiðir til þess að neytendur njóta mismikillar verndar í aðildarríkjunum að því er neytendalán varðar.

Verulegar breytingar hafa orðið á undanförunum árum á þeim tegundum lána sem neytendum bjóðast og þeir notfæra sér. Nýjar tegundir neytendalána hafa komið fram og eru í móttun.

Rétt er að neytendur fái fullnægjandi upplýsingar um láns-skilyrði, lánskostnað og um skuldbindingar sínar. Upplýsingar þessar ættu meðal annars að taka til árlegrar hlutfallstölu lánskostnaðar eða, sé því ekki til að dreifa, heildarupphæðarinnar sem neytandinn þarf að greiða fyrir lánið. Þar til ákvörðun er tekin um aðferð eða aðferðir er beita skuli innan bandalagsins við útreikning á árlegri hlutfallstölu lánskostnaðar ættu aðildarríki að geta haldið sig við gildandi aðferðir eða viðteknar venjur um útreikning þessa hlutfalls eða, sé slíku ekki til að dreifa, að setja ákvæði um hvernig neytendur skuli upplýstir um heildarkostnað við lántöku.

Lánsskilmálar kunna að vera neytandanum í óhag. Unnt er að veita neytendum betri vernd með því að samþykkja tilteknar kröfur er gilda skuli um hvers konar lán.

Með tilliti til eiginleika tiltekinna lánsamninga eða tegunda lánsviðskipta ætti að fella slíka samninga eða viðskipti að hluta til eða með öllu undan tilskipun þessari.

Aðildarríki ættu að geta, í samráði við framkvæmdastjórnina, undanþegið tilskipuninni tiltekin form lána, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis og veitt eru við sérstök skilyrði.

Viðteknar venjur í sumum aðildarríkjunum varðandi löggæringna sem gengið er frá frammi fyrir lögbókanda eða dómara eru þannig að ekki er nauðsynlegt að beita tilteknum ákvæðum þessarar tilskipunar að því er þá varðar. Aðildarríki ættu því að geta fellt slíka löggæringna undan þeim ákvæðum.

Lánssamningar fyrir mjög háar fjárhæðir eru oftast nær frábrugðnir venjulegum neytendalánunum. Væru ákvæði þessarar tilskipunar látin gilda um samninga um mjög lágar fjárhæðir ylli það óþörfu umstangi bæði fyrir neytendur og lánveitendur. Því ber að fella undan tilskipun þessari samninga um fjárhæðir fyrir ofan eða neðan tiltekin mörk.

Séu upplýsingar veittar um lánskostnað í auglýsingum og í starfsstöð lánveitanda eða lánsmiðlara getur það auðveldað neytendum að bera saman mismunandi tilboð.

Það eykur enn vernd neytenda ef lánessamningar eru gerðir skriflega og í þeim eru tiltekin lágmarksatriði varðandi skilmála.

Þegar um er að ræða lán sem veitt er til öflunar vöru, ættu aðildarríki að kveða á um hvaða skilyrði gildi um endurheimt eignarréttar, einkum ef neytandinn hefur ekki veitt samþykki sitt. Við endurheimt eignarréttar skulu reikningar aðila gerðir upp á þann hátt að tryggt sé að ekki felist í endurheimtingunni nein óréttmæt auðgun.

Heimila ber neytanda að standa skil á skuldbindingum sínum fyrir gjalddaga. Honum ber þá réttur til sanngjarnrar lækkunar á heildarlánskostnaði.

Framsál réttinda lánveitanda samkvæmt lánessamningi má ekki veikja stöðu neytandans.

Aðildarríki sem leyfa neytendum að nota víxla, skuldaviðurkenningar eða ávísanir í sambandi við lánessamninga skulu sjá til þess að neytandinn njóti tilhlýðilegrar verndar er hann notar slík skjöl.

Að því er varðar vörur eða þjónustu sem neytandi hefur samið um að eignast með lánum ætti hann, að minnsta kosti við þær aðstæður sem lýst er hér að neðan, að hafa réttindi gagnvart lánveitanda umfram venjuleg samningsbundin réttindi sín gagnvart honum og gagnvart þeim er lætur í té vörur þær eða þjónustu sem um ræðir. Slíkar aðstæður eru þegar hinir síðarnefndu hafa gert með sér samkomulag um að ekki veiti aðrir en lánveitandinn lán til viðskiptavina vöruseljanda eða þjónustuaðila í því skyni að gera neytanda kleift að eignast vörur eða fá þjónustu hins síðarnefnda.

Evrópsk mynteining (ECU) er eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins nr. 3180/78 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt samkvæmt reglugerð nr. 2626/84 <sup>(2)</sup>. Aðildarríkjum er heimilt innan vissra marka að slétta fjárhæðir í gjaldmiðlum sínum þegar fjárhæðir sem tilteknar eru í tilskipun þessari í evrópskum mynteiningum (ECU) eru umreiknaðar í gjaldmiðil aðildarríkis. Fjárhæðir samkvæmt tilskipun þessari ber að endurskoða með reglubundnum hætti í ljósi stefnubreytinga í efnahags- og peningamálum innan bandalagsins, og breyta, ef nauðsyn ber til.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 379, 30. 12. 1978, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 247, 16. 9. 1984, bls. 1.

Aðildarríki ættu að samþykkja viðeigandi ráðstafanir varðandi leyfisveitingar til handa einstaklingum er bjóða lán eða bjóðast til að koma á lánessamningum sem og varðandi eftirlit með starfsemi þeirra er veita lán eða annast útvegum lána og ráðstafanir til að gera neytendum kleift að kvarta undan lánessamningum eða lánskilyrðum.

Í lánessamningum ætti ekki að víkja frá ákvæðum þeim sem samþykkt eru til framkvæmdar þessari tilskipun eða sem svara til ákvæða hennar, verði slíkt neytanda í óhag. Ekki má setja samningsákvæði þannig fram að farið sé í kringum ákvæði tilskipunarinnar.

Ákvæði í tilskipun þessari um tiltekið stig samræmingar á lögum og stjórnsýslufyrirmælum og tiltekið stig neytenda-verndar skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki hafi áfram í gildi eða taki upp strangari ráðstafanir til verndar neytendum, með tilhlýðilegu tilliti til skuldbindinga ríkjanna samkvæmt sáttmálanum.

Framkvæmdastjórnin leggur fyrir ráðið skýrslu um framkvæmd tilskipunarinnar ekki síðar en 1. janúar 1995.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### *I. gr.*

1. Tilskipun þessi á við um lánessamninga.
  2. Í þessari tilskipun merkir:
    - a) „neytandi“: einstakling sem í viðskiptum er tilskipunin tekur til kemur fram í augnamiði sem telja má óskilytt starfi hans;
    - b) „lánveitandi“: einstakling eða lögaðila sem veitir lán innan ramma starfsemi sinnar eða hóp slíkra einstaklinga;
    - c) „lánessamningur“: samkomulag þar sem lánveitandi veitir eða heitir að veita neytanda lán í formi greiðslufrests, láns eða svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu;
- Samningar um að séð verði fyrir þjónustu eða afnotum af þjónustukerfi með samfelldum hætti, þar sem neytandinn á rétt á að greiða fyrir slíkt með afborgunum, meðan hann nýtur þjónustunnar eða kerfisins, teljast ekki lánessamningar í skilningi tilskipunarinnar;
- d) „heildarlánskostnaður neytanda“ allan kostnað af lánu, þar með talda vexti og önnur gjöld, sem beinlínis tengjast lánessamningnum og ákveðin eru í samræmi við ákvæði eða viðteknar venjur sem fyrir eru eða komið verður á í aðildarríkjunum;

- e) „árleg hlutfallstala kostnaðar“ heildarkostnað neytandans af láninu, lýst sem árlegu hundradshlutfalli af upphæð lánsins sem veitt er og reiknuð er út eftir þeim aðferðum sem í gildi eru í aðildarríkjunum.

2. gr.

1. Tilskipun þessi skal ekki eiga við um:

- a) lánsamninga eða samninga er heita lánsfyrirgreiðslu:  
— sem ætlað er fyrst og fremst til þess að afla eða viðhalda eignarrétti á landi eða byggingu sem reist hefur verið eða áformað er að reisa,  
— sem ætlað er til þess að endurnýja eða bæta byggingu sem slíka;
- b) leigusamninga, nema í því tilviki að þeir kveði á um að eignarrétturinn færist að lokum yfir á leigjandann;
- c) lán sem veitt eru eða lánsfyrirgreiðslu sem látin er í té án þess að greiddir séu vextir né nokkur önnur gjöld;
- d) lánsamninga þar sem ekki er krafist neinna vaxtagreiðslna að því tilskildu að neytandinn samþykki að greiða lánið allt til baka í einni greiðslu;
- e) lán í formi heimilda til fyrirframúttektar af hlaupareikningi eða ávísanareikningi sem veitt eru af hálfu lána stofnunar eða fjármálastofnunar, þó ekki á greiðslukortareikningum.

Ákvæði 6. gr. skulu þó eiga við um slík lán;

- f) lánsamninga um lægri upphæðir en 200 evrópskar mynteiningar (ECU) eða hærri en 20 000 slíkar einingar;
- g) lánsamninga sem gera neytanda skylt að endurgreiða lán:
- annaðhvort innan þriggja mánaða hið mesta,
  - eða með í mesta lagi fjórum greiðslum innan 12 mánaða.

2. Aðildarríki getur, í samráði við framkvæmdastjórnina, undanþegið beitingu þessarar tilskipunar tiltekna tegundir lána sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- þau eru veitt gegn lægra gjaldi en almennt gerist, og
- þau standa ekki öllum almenningi til boða.

3. Ákvæði 4. gr. og 6. til 12. gr. skulu ekki eiga við um lánsamninga eða samninga sem í felast loforð um lánveitingu er tryggð sé með fasteignaveði að því marki sem slíkt er ekki þegar undanþegið tilskipuninni samkvæmt a-lið 1. mgr. þessarar greinar.

4. Aðildarríki geta undanþegið ákvæðum 6. til 12. gr. lánsamninga sem fram eru settir sem löggerningar og undirritaðir eru frammi fyrir lögbókanda eða dómara.

3. gr.

Án þess það brjóti í bága við tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórn-

sýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar<sup>(1)</sup>, og um reglur og fyrirmæli er eiga við um óréttmætar auglýsingar, skulu allar auglýsingar eða tilboð sem höfð eru uppi í starfsstöð þar sem einstaklingur býður lán eða býðst til að hafa fyrirgreiðslu um lán og þar sem gefnir eru upp vextir eða einhverjar tölur um lánskostnað einnig tilgreina árlega hlutfallstölu lánskostnaðar, með viðhlítandi dæmi sé annars ekki kostur.

4. gr.

1. Lánsamningar skulu gerðir skriflega. Neytandinn skal fá eintak af slíkum skriflegum samningi.

2. Í skriflega samningnum skal eftirfarandi koma fram:

- a) yfirlýsing um árlega hlutfallstölu lánskostnaðar;
- b) yfirlýsing um það við hvaða aðstæður megi breyta árlegri hlutfallstölu lánskostnaðar.

Í því tilviki að ekki sé unnt að gefa yfirlýsingu um árlega hlutfallstölu lánskostnaðar, skal veita neytandanum nægjanlegar upplýsingar í skriflega samningnum. Upplýsingar þessar skulu a.m.k. taka til þess sem kveðið er á um í öðrum undirlið 1. mgr. 6. gr.

3. Í skriflega samningnum skulu enn fremur vera öll önnur meginatriði samningsins.

Til frekari útskýringar er í viðauka við tilskipun þessa skrá um þá skilmála sem aðildarríki kunna að gera kröfu um að séu hafðir með í skriflegum samningnum og telji ófrávíkjanlega.

5. gr.

Þrátt fyrir 3. gr. og 2. mgr. 4. gr., og meðan beðið er ákvörðunar um samþykkt aðferðar eða aðferða er gildi í bandalaginu öllu um útreikning á árlegri hlutfallstölu lánskostnaðar, skulu aðildarríki þau sem ekki gera kröfu um það á þeim tíma er tilskipun þessi er birt að tilgreind sé árleg hlutfallstala lánskostnaðar eða hafa ekki komið sér upp aðferð til að reikna það út, að minnsta kosti krefjast þess að heildarlánskostnaður neytandans sé tilgreindur.

6. gr.

1. Þrátt fyrir þá undanfellingu sem kveðið er á um í e-lið 1. mgr. 2. gr., þegar um er að ræða samkomulag milli lána stofnunar eða fjármálastofnunar og neytanda um lánveitingu í formi heimildar til fyrirframúttektar af hlaupareikningi, þó ekki greiðslukortareikningi, skal neytanda gerð grein fyrir því þá eða áður en gengið er frá samningnum:

- hvaða takmörk séu á lánsupphæðinni, sé um slíkt að ræða,

- hverjir séu ársvextir og hvaða gjöld falli á lánið frá þeim tíma er gengið er frá samningnum svo og við hvaða skilyrði megi breyta þeim,

- með hvaða hætti megi segja samningnum upp.

(<sup>1</sup>) Stjútö. EB nr. L 250, 19. 9. 1984, bls. 17.

Þessar upplýsingar skulu staðfestar skriflega.

2. Enn fremur skal neytanda tilkynnt um allar breytingar á ársvöxtum eða viðeigandi gjöldum sem verða á samnings-  
tímanum. Þær upplýsingar má veita í reikningsyfirliti eða á hvaða hátt annan sem aðildarríkin taka gild.

3. Í aðildarríkjum þar sem leyfður er yfirdráttur með þegjandi samkomulagi skulu hlutaðeigandi aðildarríki sjá til þess að neytanda séu kynntir ársvextir og gjöld sem við eiga svo og um allar breytingar á þeim þegar yfirdrátturinn fer yfir þrjá mánuði.

7. gr.

Þegar um er að ræða lán sem veitt er til vörukaupa skulu aðildarríki kveða á um skilyrði fyrir endurheimtingu eignarréttar á vörunum, einkum þegar neytandinn hefur ekki veitt samþykki sitt til þess. Þau skulu enn fremur tryggja að þegar lánveitandi tekur vörurnar aftur til sinnar eignar, séu reikningar aðila gerðir upp á þann hátt að endurheimting eignar hafi ekki í för með sér neina ótilhlýðilega auðgun.

8. gr.

Neytanda skal heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánsamningi fyrir þann tíma sem settur er í samningnum. Í því tilviki skal neytandi, í samræmi við reglur sem settar eru í aðildarríkjunum, eiga rétt á sanngjarnri lækkun á heildarkostnaði við lánið.

9. gr.

Þar sem réttur lánveitanda samkvæmt lánsamningi er fram-  
seldur þriðja aðila skal neytandi eiga rétt á að bera fyrir sig gagnvart þeim þriðja aðila hverri þeirri vörn sem honum var tiltæk gegn upphaflegum lánveitanda þar með töldum skuldajöfnuði, þar sem slíkt er heimilt í aðildarríki því sem í hlut á.

10. gr.

Aðildarríki sem í sambandi við lánsamninga heimila neytanda:

- a) að inna af hendi greiðslur með víxlum, þar með töldum skuldaviðurkenningum,
- b) að setja víxla sem tryggingu, þar með taldar skuldaviðurkenningar og ávísanir,

skulu sjá til þess að neytandinn njóti tilhlýðilegrar verndar þegar hann notar skjöl þessi á þann hátt.

11. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lánsamningur, sé honum til að dreifa, skerði í engu rétt neytandans gagnvart þeim er lætur í té vörur eða þjónustu sem keypt er með slíkum samningi, í því tilviki að vörur eða þjónusta séu ekki látin af

hendi eða séu að öðru leyti ekki í samræmi við samninginn um öflun þeirra.

2. Þegar:

- a) neytandinn hyggst kaupa vörur eða fá þjónustu og gerir í því skyni lánsamning við annan einstakling en þann sem þetta lætur í té;  
og
- b) lánveitandinn og sá er lætur í té vöruna eða þjónustuna, hafa áður gert með sér samning um að lánveitandinn einn veiti viðskiptavinum seljandans slík lán til þess að afla vöru eða þjónustu frá honum; og
- c) neytandi sá sem vísað er til í a-lið fær lánið samkvæmt þeim fyrirliggjandi samningi; og
- d) vörur þær eða þjónusta sem lánsamningurinn tekur til eru ekki láttnar í té eða einungis að hluta til, eða eru ekki í samræmi við samninginn um afhendingu þeirra; og
- e) neytandinn hefur beitt þeim úrræðum sem honum eru tiltæk gagnvart seljandanum en án þess að fá þá úrlausn sem hann á rétt á,

skal neytandinn hafa rétt til að beita þeim úrræðum gegn lánveitandanum. Aðildarríki skulu ákveða að hvaða marki og með hvaða skilyrðum slíkum úrræðum megi beita.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki þegar um er að ræða stök viðskipti sem nema lægri upphæð en 200 evrópskum mynteiningum (ECU).

12. gr.

1. Aðildarríki skulu:

- a) sjá til þess að einstaklingar er bjóða lán eða bjóðast til að hafa milligöngu um lánsamninga afli sér opinbers starfsleyfis til slíks, annaðhvort til þess sérstaklega eða sem seljendur/miðlarar vöru og þjónustu; eða
- b) sjá til þess að einstaklingar er veita lán eða útvega lánsfyrirgreiðslu skuli sæta athugun á eða eftirliti með starfsemi sinni af hálfu stofnunar eða opinbers aðila; eða
- c) stuðla að því að komið verði á viðeigandi opinberum stofnunum til að veita viðtöku kvörtunum varðandi lánsamninga eða láns-skilyrði og til að veita neytendum viðeigandi upplýsingar eða ráðgjöf um þetta.

2. Aðildarríki geta kveðið á um að leyfis þess sem vísað er til í a-lið 1. mgr. skuli ekki krafist, þegar einstaklingar þeir sem bjóðast til að gera lánsamninga eða hafa milligöngu um þá, fullnægja skilyrðum 1. gr. fyrstu tilskipunar ráðsins frá 12. desember 1977 um samræmingu á lögum og stjórn-sýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana<sup>(1)</sup> og hafa til þess leyfi í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

(<sup>1</sup>) Stjútíð. EB nr. L 322, 17. 12. 1977, bls. 30.

Hafi einstaklingar er veita lán eða hafa fyrirgreiðslu um lánveitingu fengið til þess leyfi, bæði sérstaklega samkvæmt ákvæðum a-liðar 1. mgr. og einnig samkvæmt ákvæðum fyrrnefndrar tilskipunar, en síðara leyfið er seinna dregið til baka, skal það lögbæra yfirvald er ábyrgð ber á að gefa út hina sérgreindu heimild til lánveitingar samkvæmt a-lið 1. mgr., tilkynnt um það og ákveður það þá hvort einstaklingar þeir er í hlut eiga megi halda áfram að veita lán eða annast lánafyrirgreiðslu eða hvort hið sérstaka leyfi sem veitt er samkvæmt a-lið 1. mgr. skuli dregið til baka.

*13. gr.*

1. Að því er tilskipun þessa varðar skal evrópska mynteiningin (ECU) vera sú sem skilgreind er í reglugerð (EBE) nr. 3180/78, eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 2626/84. Jafnvirðið í eigin gjaldmiðli lands skal reiknað út í upphafi á því gengi sem í gildi er þann dag sem tilskipun þessi er samþykkt.

Aðildarríki geta sléttað upphæðir í eigin gjaldmiðli er leiðir af breytingu upphæða í evrópskum mynteiningum (ECU) svo fremi sléttunin sé ekki umfram 10 reiknieiningar.

2. Á fimm ára fresti og í fyrsta sinni 1995, skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, athuga og endurskoða, ef ástæða er til, fjárhæðir í tilskipun þessari, í ljósi breytinga í efnahags- og peningamálum innan bandalagsins.

*14. gr.*

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að ekki sé í lánssamningum vikið frá ákvæðum landslaga um framkvæmd tilskipunar þessarar eða í samræmi við hana, neytanda í óhag.

2. Aðildarríki skulu enn fremur sjá til þess að ákvæði samninga séu ekki sett fram á þann hátt að farið sé í kringum ákvæði er þau samþykkja við framkvæmd tilskipunar

þessarar, einkum með því að dreifa láninu á marga samninga.

*15. gr.*

Tilskipun þessi skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða taki upp strangari ákvæði til að vernda neytendur er samrýmist skuldbindingum þeirra samkvæmt sáttmálanum.

*16. gr.*

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja tilskipun þessari ekki síðar en 1. janúar 1990 og skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja um málefni er tilskipunin tekur til.

*17. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir ráðið skýrslu um framkvæmd tilskipunar þessarar, ekki síðar en 1. janúar 1995.

*18. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 1986.

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. SHAW

*forseti.*